

27. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Þingborg 30. ágúst 2010.

Mættir:
Aðalsteinn Sveinsson
Guðmundur Jón Sigurðsson
Kristín Sigurðardóttir
Elín Höskuldsdóttir
Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð

Einnig mættur Gestur Már Þráinsson fyrir hönd Smíðanda.

Aðilum óskað til hamingju með framkvæmdir og framkvæmdalok sem voru á réttum tíma.

Skóli var settur fimmtudaginn 26. ágúst og kennsla hófst í nýju húsnæði 27. ágúst 2010.

Allir verkþættir kláruðust á tilsettum tíma og sjálfboðaliðar komu saman eina kvöldstund til að þrifa bygginguna. Þeim eru sendar bestu óskir.

Rætt um sökkul undir ísskáp í heimilisfræðikennslustofu og Guðmundur upplýsti að hann væri búinn að panta efni í það.
Kristín ræddi um mikið álag á ákveðna bletti á göngum s.s. við drykkjarfontinn. Rætt um að setja flísar eða plötu þar við.

Ekki er vitað hvenær gler í handrið verður tilbúið til afhendingar en settar voru bráðabirgðaplötur til að loka stigaopinu.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um næstu rakamælingu en stefnt að því að það verði gert í október.

Utanhússklæðning verður komin til landsins í byrjun september. Reiknað er með að það taki um það bil tvær vikur að setja hana upp.

Bílastæði hafa verið máluð og gengið frá þeim á plani við húsið.

Búið er að ganga frá frárennsli frá húsi.

Jóni hönnuði viðbyggingar var falið að ganga frá kerfismynd fyrir brunakerfi. Fulltrúi frá BÁ kemur 9. september til að fara yfir allar flóttaleiðir. Brunavarnarkerfi er komið upp og hefur verið prófað. Guðmundur telur að fínstilla þurfi slöngur þannig að hjól séu liðug þegar þeim er kippt út. Rætt um lyklakerfi skólans og stefnt að því að samræma lyklakerfi í öllum skólanum.



Athuga þarf hvort að úttekt á raflögnum hafi farið fram.

Byggingarfulltrúi hefur gert stöðuúttekt. Hann gerði nokkrar athugasemdir sem búið er að tillit til.

Brunastigi utanhúss er kominn upp.

Verkefni næstu daga sem eru lokaverkefni er að ganga frá raflögnum, gleri í handrið og utanhússklæðingu ásamt frágangi á lóð að því loknu. Að því loknu mun byggingarfulltrúi gera lokaúttekt á byggingunni.

Maður Svein
F-29
Blátt
Guðni FS
amb.
MANUÉL SIK